

Skrá 14. Ull og tóvinna II

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins XIV

Spurningaskrá sú, sem hér fer á eftir, fjallar um þelvinnu, spuna og ullarband. Tekur hún til, þar sem frá var horfið í síðustu spurningaskrá. Síðar verða sendar út spurningaskrár varðandi þrjónles, vefnað og fatagerð, hið fjölbreytta svið: að koma ull í fat.

Ullartæing

Lýsið sem vandlegast, hvernig unnið var að því að tæja þel. Var heilt reyfi táíð í einu, eða var það hlutað í sundur? Hverjir unnu einkum þetta verk (spunakonan eða aðrir heimilismenn)? Hvaða reglur voru börnum lagðar við að tæja ull? Hvaða orð voru notuð um þetta verk (ullartó, ullartæing o.s.frv.)? Kunna menn nokkur orðtök eða einstakar vísur, er lúta að þessu verki (Illt er að sitja við ullartó t.d.)?

Þelkambar

Segið frá þelkömbum, gerð þeirra og heitum. Voru þelkambar t.d. misjafnlega tenntir (gistenntir, þétttenntir)? Var heiti kamba e.t.v. miðað við það og talað um einfalda og tvöfalda kamba? Voru mismunandi heiti til um þelkamba (kórður, karkambar t.d.)? Voru kamar misjafnleg stórir (stólkambar t.d.)? Lýsið stólkömbum sértaklega og segið frá notkun þeirra. Hvað var gert við gamla og slitna kamba? Hvaða not höfðu menn helst af þeim? Segið frá kambasmíði, áhöldum við kambasmíði og kambasmiðum, ef auðið er.

Íburður

Var feiti yfirleitt borin í ull í kembangu? Hvaða feiti (dýra- eða fugla-)? Nefndist hún eitthvað? Var sérstakt ílát til að geyma feitina í? Lýsið því. Með hverju var feitin borin í kambinn (vængfjöður af fugli t.d.)? Var fjöðrum beinlínis safnað í þeim tilgangi (lóufjöðrum t.d.)? Hvar voru þær þá geymdar?

Hvernig var feitin borin í kembuna (rák eftir henni endilangri t.d.)?

Keming

Unnu karlar og konur jöfnum höndum að ullarkembangu? Hvað voru börn gömul, er þau voru látin fara að hjálpa til við ullarkembangu? Hófust konur yfirleitt ekki handa við spuna, fyrr en þær áttu álitlegan forða af kembum (nóg í eina snældufylli a.m.k.)? Miðaðist keming við það m.a. að slíta kömbunum ekki um skör fram? Hvað nefndist ull í hverja einstaka kembangu (kembufylli t.d.)? Hvenær var feitin borin í kembuna? Lýsið kembangunni.

Voru kembur mismunandi að gerð? Voru kemburnar t.d. lagaðar til (rúllaðar saman) með yfirkambinum? Kom fyrir að kembur væru bornar upp við ljós, um leið og þær voru teknar úr kömbunum, til að gæta að, hvort þær væru hnökralausar? Hvar voru kemburnar lagðar (í lár, á sérstakan dúk eða á rúmabreiðuna)? Höfðu konur hlífðarfat eða dúk á hnjánum (kastfat), er þær sátu við kembangu eða spuna? Voru dæmi þess, að ull væri yljuð fyrir kembangu á einhvern hátt, ef hún var köld eða stöm, jafnvel stungið í barminn?

Samkemba

Hvernig var mismunandi ullarlitum blandað saman í kembangu? Hvað var verkið nefnt (að samkemba t.d.)? Var alltaf tvíkembt í samkembangu? Voru viss heiti um það (fyrirkeming, eftirkeming t.d.)? Var kembum í fyrirkembangu staflað í hrúgu? Nefndist hún eitthvað (kembubunki t.d.)? Var ein, heil kemba gerð úr fyrirkembangunni? Hvernig? Hvað nefndist hún (samkemba, vindill t.d.)? Hvernig var gengið frá henni (vafin inn í dúk t.d.)? Lýsið eftirkembangu. Hvernig var kembuefni unnið úr samkembunni í eftirkembanguna? Hvað

nefndist þá hvert kembuefni (hnoðri, hvolpur t.d.)? Var þetta gert jafnóðum og kempt var eða í einni atrennu?

Spunarokkur

Óskað er eftir sem mestri fræðslu um spunarokka, rokkasmiði og rokkasmiði, mismunandi gerðir af rokkum og yfirleitt allt, er það efni varðar. Heimildarmenn eru m.a. beðnir að hafa eftirfarandi atriði í huga: Lýsing á einstökum rokkgerðum, svo í smáu sem stóru, og heiti á rokkum. Voru rokkar smíðaðir til alveg sérstakra nota (spunarokkur, tvinningarokkur, hrosshársrokkur o.s.frv.)? Muna menn eftir rokkum með hjólum smíðuðum úr heilli fjöl? Nefndust þau hjól nokkuð (borðhjól t.d.)? Lýsið þeim. Voru þau t.d. útskorin eða skreytt á annan hátt? Segið frá öðrum atriðum í sambandi við rokkhjól (hjól með blý- eða látúnskjörð t.d.). Voru rokkar með tveimur hjólum í notkun? Voru rokkar með hliðarhjóli í notkun? Nefndust þeir eitthvað sérstakt (skotrokkur, vambarokkur t.d.)? Voru dæmi þess, að rokkar væru lítt eða ekki renndir? Muna menn eftir ómáluðum rokkum? Hvenær hyggja menn, að rokkasmiðir hafi almennt farið að mála rokka sína? Lýsið festingum fyrir hnokkatré (brúðum, skráfnöglum). Þekktust fleiri en ein gerð af brúðum (heilbrúða, hálfbrúða t.d.)? Vita menn nokkuð um uppruna hálfbrúðu? Lýsið smíði á hnokkatrjám (málmur, tré, bein). Kannast menn við orðin rokkvirki og snælduumbúningur? Hver var merking þeirra? Voru til rokkar með aðeins einum uppstandara að framan? Smíðuðu rokkasmiðir sjálfir alla málmsmíði til rokka? Lýsið skreytingu á rokkum (beintappir, bólur t.d.). Voru útlendir rokkar í notkun? Smíðuðu íslenskir rokkasmiðir rokka eftir þeim? Voru fiskbein (kerlingarprjónar) notuð í hnokka við spuna? Lýsið hnokkum, efni þeirra og smíði. Hvaða efni var notað í rokksnúrum? Lýsið rokksnúrum, efni þeirra og gerð. Hvaða efni voru notuð til að varna snúningssliti við rokkspuna (feiti, leður)? Lýsið því. Hvaða not höfðu menn einkum af gömlum slitnum rokkum (tvinningarokkur, breytt í spólurokk t.d.)? Segið frá einstökum rokkasmiðum, áhöldum þeirra og smíði, eftir því sem tók eru á. Segið frá gangverði á rokkum. Var algengt að vinnukonur ættu sjálfar rokkana, sem þær spunnu á? Var algengt að nota rokka til gjafa? Var rokkum gefið eiginnafn (kenndir við rokkasmiðina t.d.)?

Snældustóll, snældustokkur

Segið frá snældustólum. Lýsið mismunandi gerðum þeirra og heitum. Var algengt að prýða (snældustokka) með útskurði, upphafsstöfum eiganda, ártali o.s.frv.?

Spuni

Hvar voru rokkar geymdir milli þess sem spunnið var á þá? Voru geymslustaðir e.t.v. kenndir við rokka (rokkaskot, rokkakompa)? Hvar lögðu konur rokka frá sér, er þeir voru í daglegri notkun og þær brugðu sér frá (við rúmbrík eða upp í rúm t.d.)?

Lýsið spuna. Hvaða orðum var farið um áferð bands eða þráðar, miðað við gildleika (lo. t.d. dáfint, dáfint, hárfint, no. t.d. groddi, gubb, lodd, læpa, rubb, so. t.d. gubba, rubba)? Segið frá merkingarmun orða. Hvað nefndust mjórri bilin í ójöfnu (illa spunnu) bandi (bláþráður t.d.)? Hvað nefndist snúningur á þræði og bandi (snúður t.d.)? Hvað var það nefnt, ef þráður var mjög snúðlinur (hann lóðgar saman t.d.)? Hvaða orðum var farið um spunann sjálfan (að teymra, teygja lopann, spinna við fingur, þeyta rokkinn)? Segið frá merkingarmun orða miðað við spunalag og annað. Hvað var það nefnt, er búið var að spinna snældu fylli (snældan er hnokkafull t.d.)? Hvað nefndist verkið við að skipta um snældu (að taka af rokknum t.d.)? Hvernig náðu spunakonur fram þráðarenda, ef slitnaði upp við snælduteinspípuna, er spunnið var (notuðu krækju, sugu endann fram t.d.)? Hvað var það nefnt, ef rokksnúran hrökk af hjólinu (að rokkurinn kastaði af sér t.d.)? Þótti það vita á eitthvað, t.d. gestakomu, ef rokkurinn var venju fremur ódæll við spuna?

Var algengt að konur syngju eða kvæðu við spuna, fremur en við önnur verk? Voru þess dæmi, að konur t.d. leiðbeindu börnum við nám eða litu í bók um leið og þær spunnu?

Fengust karlmenn við rokkspuna? Á hvaða aldri byrjuðu stúlkur að spinna? Var nokkurn tíma spunnð á helgum dögum? Tíðkaðist nokkur tóvinna á helgum dögum? Höfðu einstakar konur atvinnu af því að spinna, eða af tóvinnu yfirleitt (húskonur, lausakonur t.d.)? Segið frá því. Skrifðu vísur um rokk og rokkspuna.

Vinding

Var venjulega undið í hnykla af rokksnældum? Var lögð á það áhersla að vinda vel í hnykla? Hvað nefndust samstæðir vindlingar í hnykli (eikur, reikur t.d.)? Var eitthvert nafn til um illa undinn hnykil (geitahnoð, geitnaeikur t.d.)? Hvað orð voru notuð um hnykla, miðað við mismunandi stærð (gaukull, gauki, gauti, hnísill, hnoð, tísill o.s. frv.)? Lýsið því. Áttu konur sérstakar geymslur fyrir hnykla? Fóru þær eftir því, hvort um stóra eða litla hnykla var að ræða? Lýsið þeim. Voru hnyklar festir upp á band? Hvernig? Nefndist það eitthvað (hnyklakippa t.d.)? Var sérstök nál notuð við þetta (hnyklanál)? Lýsið henni. Kannast menn við smáþulu í sambandi við hnykla, er svo byrjar: "Heyrt hef ég björninn brölta" o.s. frv.)? Segið frá henni.

Tvinning

Segið frá tvinningu á þræði eða bandi. Hvernig var unnið að því að tvinna (setið, staðið, staðið við loftsgat t.d.)? Var snúið að sér eða frá sér, þegar tvinnað var? Hvað nefndist það, er þræðir féllu ekki saman, sökum misslaka í tvinningu (gálmi, mistvinningur t.d.)? Var talað um undirsnúð og yfirsnúð á tvinnuðu bandi? Var bandið haft mismunandi snart í tvinningu, eftir því í hvað átti að nota það? Hvað nefndist tvinnað band, miðað við það, hve margþætt það var (tvíband, þríband, þrinnað band o.s. frv.)? Í hvað var þríband einkum notað? Segið frá tvinningu á rokk o.s. frv.)?

Hesputré

Voru til margar gerðir af hesputrjúm? Lýsið þeim svo sem tók eru á. Teiknið einstakar gerðir, ef hægt er. Hvað nefndust einstakir hlutar hesputrés (fætur, fótstykki, uppstandari, hesputré, vindutré, króna, vinda, tittir o.s. frv.). Var hesputrénu hagað eftir því, hvort átti að hespa á það hespu eða vinda af hespu (haft lóðrétt eða lárétt)? Bar hesputréð sjálft nafn í samræmi við þessa notkun (króna, vinda t.d.)? Voru til hesputré með krónu og vindu? Voru sérstakar festingar fyrir hesputré á bæjum, t.d. holur í rúmstólpum (rúmmörum)? Voru hesputré með tannhjóli algeng? Nefndust þau eitthvað sérstakt (skrepputré t.d.)? Segið frá þeim og notagildi þeirra í sambandi við sölu á bandi eða við vefnað. Voru útlend hesputré í notkun?

Hespun

Hvernig unnu konur að því að hespa? Höfðu þær alltaf aðstoð við að hespa, þegar hespað var af tvinningarsnældunni? Hvað nefndist hver umferð á hesputrénu (feti, knekk t.d.)? Hvað nefndist það, ef feti hafði ekki rétt ummál, miðað við hespuna í heild (skammfeti t.d.)? Hvernig var gengið frá hespunni, þegar hún var tekin af hesputrénu (snarsnúin saman)? Nefndist hespa eitthvað annað (viða t.d.)? Segið frá geymslu á hespum. Segið frá þvotti á hespum. Var konum illa við, að hespur frysú á þvottastögum?

Tóvinnuvélar

Segið frá tóvinnuvélum (spunavélum), aldri þeirra, útbreiðslu og notum almennt. Segið frá mismunandi gerðum. Segið frá smíðum, sem smíðuðu tóvinnuvélar. Var algengt, að bændur hefðu félag um kaup á tóvinnuvélum? Var þá skipt spunadögum á milli þeirra? Hvenær lagðist notkun tóvinnuvéla að mestu niður?